

Fundargerð 16. Mars 2026

Magnús, Gunnar, Andri, Kristín Dana og Mia (á Teams)

Gestur kl 12.30 - Raj

1. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt án athugasemda.
2. Kristín leggur fram óskoðaða reikninga síðastar árs. Kristín var ekki reiðubúin með reikninga en lofar að senda í tölvupósti innan viku.
3. Magnús/Kristín leggja fram áætlun þessa árs. Áætlun var heldur ekki reiðubúin þar sem síðasta ári hefur ekki verið lokað. 'ætlun verðu lögð fram á næsta fundi.
4. Mót og ferðalög - nýjar fréttir af Nordic Open.
 - Smáþjóðleikar u14 sem Mia er að undirbúa er nánast alveg klárt, eigum eftir að fá búninga frá Raj fyrir þetta mót. Lið er klárt og vantar að bóka eitt flug.
 - Nordic Open. Tillaga þeirra að utan er sú að við fáum WC í einhver TE mót á norðurlöndum í stað þess að keppa í sjálfu Nordic Open. Virðist vera lítill áhugi þeirra úti að fá Ísland og Færeyjar inn í þetta mót.
 - Davis Cup og BJKC. Fyrsta sinn í sögu okkar þar sem þessi mót stangast á þar sem þau eru í sömu vikunni. Þarf þá að finna "fararstjóra" þar sem Raj kemst bara með öðru liðinu.
5. Tennisþing og árshátíð
 - Tennisþing verður haldið í sama fundarsal (UMFÍ) og við notum undir TSÍ fundi. Það er búið að boða þingið löglega eftir reglum.
 - Padel mál verða tilkynnt á ársþingi formlega.
 - Kristín Dana þarf að samþykja salinn fyrir árshátíðina, hringir í hann. Koma upp gestalista, bæði þá sem eru greiddir og þeir sem eru skráðir en ekki greitt og fá einnig frá Tennisfélögunum, Tennishöllinni og TSÍ. Einnig þarf að ýta á eftir greiðslu hjá þeim sem eru skráðir en ógreiddir.
6. Tennis Europe – ársþing
 1. Tennis Europe þing í Gdansk sem Magnús er að fara á á morgun þriðjudag 17. Mars.
7. Önnur mál engin

Fundi slitið 13:00